



Krónan styrktist í janúar, Seðlabankinn greip tvisvar inn til að vinna á móti

Íslenska krónan styrktist á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar í janúar. Seðlabankinn greip tvisvar inn í markaðinn í janúar, í bæði skiptin keypti hann evrur til þess að vinna á móti styrkingu.

Í lok janúar stóð evran í 143,2 krónum samanborið við 147,6 í lok desember og Bandaríkjadalur í 128,4 samanborið við 130,4 í lok desember. Gengisvísitalan lækkaði (krónan styrktist) um 2,6% í janúar.


Verð á evru fór í mánuðinum undir 145 krónur í fyrsta sinn síðan í mars 2020, en verð á evrunni hefur legið á bilinu 145 og 155 síðustu mánuði. Til næstu mánaða teljum við líklegra að krónan eigum eftir að styrkjast frekar en að veikjast aftur.

Velta á gjaldeyrismarkaði var 25,2 ma.kr. (173 m.evra) í janúar og jókst nokkuð milli mánaða, Hlutdeild SÍ í veltu mánaðarins var 3 ma.kr. (21 m.evra) eða 12% af heildarveltu.

Seðlabankinn greip tvisvar inn í markaðinn í janúar. Miðvikudaginn 5. janúar keypti hann 9 m. evrur og föstudaginn 28. janúar keypti hann 12 m. evrur. Bæði skiptin brást hann við mikilli styrkingu krónunnar innan dags.

	31.1.2022	YTD	1M	3M	12M
GVT	190,4	-2,6%	-2,6%	-3,6%	-5,6%
EUR	143,2	-3,0%	-3,0%	-4,4%	-8,3%
USD	128,4	-1,5%	-1,5%	-0,2%	-0,2%
GBP	172,2	-2,0%	-2,0%	-2,9%	-2,5%
DKK	19,2	-3,0%	-3,0%	-4,4%	-8,3%
NOK	14,3	-3,1%	-3,1%	-6,8%	-5,2%
SEK	13,7	-5,1%	-5,1%	-9,4%	-11,6%
CHF	137,6	-3,6%	-3,6%	-2,5%	-4,8%
JPY	1,11	-1,8%	-1,8%	-1,6%	-9,5%


Heimild: Kodiak



Heimild: Macrobond




Það sem af er ári hefur krónan styrkst




Heimild: Macrobond

Velta á gjaldeyrismarkaði var 25,2 ma.kr. (173 m.evra) í desember. Þar af var hlutur SÍ 3 ma.kr. (21 m.evra)




SÍ greip tvisvar inn í markaðinn í janúar. Bæði skiptin keypti hann evrur til að vinna á móti styrkingu krónunnar.




Heimild: Macrobond

Nettó sala SÍ á gjaldeyri í janúar nam 3 mö.kr. (21 m.evra)




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 923 ma.kr. (6,2 ma. evra) í lok desember.



Heimild: Macrobond


Flökt krónunnar gagnvart evrunni jókst í janúar.



Heimild: Macrobond




64.300 erlendis gestir fóru um Leifsstöð í desember.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 8,7 ma.kr. í desember.




Heimild: Macrobond

Raugengi miðað við verðlag var 2,5% hærra í desember en í sama mánuði 2020 og nafngengið var 2,8% sterkara.




Heimild: Macrobond

Framlag innlendrar verðbólgu til ársbreytingar á raugengi var 3,3% til hækkunar en framlag alþjóðlegrar verðbólgu var 3,7% til lækkunar.



Heimild: Macrobond

Vaxtamunur við evruna jókst í janúar, sérstaklega á styttri endanum



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef